

Endurgreiðsla gjafa- og klippikorta

Síðast uppfært 08/07/2026 10:46 am BST

Það eru tvær leiðir til þess að selja gjafabréf og klippikort:

- 1. Í gegnum sölukerfið
- 2. Á netinu í gegnum Noona appið eða noona.is

Endurgreiða gjafabréf eða klippikort sem var keypt á netinu

Þú getur endurgreitt allar netgreiðslur í kerfinu með því að fara í Sala > Netgreiðslur > Finna gjafabréfakaupin sem þarf að endurgreiða > Endurgreiða.

Greiðsluupplýsingar

Gjafabréf

10 ISK

Staða

Gert upp

Tilvísun

tr_X21vugU3-DFsBGartjz8hJk_fw853...

Tími

14:12

Dagsetning

1 júní 2026

Starfsmaður

-

Viðskiptavinur

Noona test

Endursenda kvittun


Endurgreiða

Til þess að viðskiptavinurinn geti ekki notað gjafabréfið þá þarf einnig að eyða því úr gjafabréfalistanum. Það er gert með því að fara í Valmyndina -> Sala -> Gjafabréf.

Þar finnur þú gjafabréfið sem þú ætlar að eyða -> smellir á þrjá punktana hægra megin á skjánum -> Eyða gjafabréfi.

- Nota gjafabréf
- Notkunarsaga
- Endursenda gjafabréf
- Eyða gjafabréfi**

i Ef þú ert að nota sölukerfið hjá okkur þá er einnig hægt að eyða gjafabréfinu með því að ógilda reikninginn sem stofnaðist þegar viðskiptavinurinn keypti það á netinu. Það er gert með því að fara í **Sala > reikningar > finna reikninginn fyrir gjafabréfinu > ógilda**. Eftir að það hefur verið gert þá hefur gjafabréfinu verið eytt úr gjafabréfalistanum.



Endurgreiða gjafabréf og klippikort sem eru keypt í gegnum sölukerfið

Gjafabréf og klippikort sem hafa verið keypt í gegnum sölukerfið þarf alltaf að endurgreiða handvirkt í gegnum posann sjálfan eða með millifærslu ykkar megin. Til þess að afstemma bókhaldið og koma í veg fyrir að viðskiptavinurinn geti notað gjafabréfið í framtíðinni þarf að finna og ógilda sölureikninginn fyrir því. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Sala -> Reikningar -> opnar tiltekinn reikning -> Ógilda reikning**.

Reikningur

Noona stofan

Reikningur #115

27. maí 2026 10:37

Noona stofan

Ármúli 25, 108 Reykjavík - 5194040 - hq@noona.is

Bryndís Rós

kt.: 0703973079

Atriði	Magn	Samtals
Amount voucher - Custom amount		
Kóði: [DIZA8M]		
ISK 15,200	1	ISK 15,200
Samtals með VSK		ISK 15,200
Greitt - Fyrirframgreitt		ISK 0

+ Nýr reikningur

B Bryndís Rós

Reikningur afgreiddur

Mið, 27. maí 2026 · 10:37

Endurgreiða

Ógilda reikning

Bæta við skýringu

Senda kvittun

Prenta kvittun

Vista kvittun

Senda gjafabréf

Breyta starfsfólki

Loka sölu

Við það eyðist gjafabréfið sjálfkrafa úr gjafabréfalistanum og viðskiptavinurinn getur ekki notað það lengur.

Smelltu hér til þess að læra meira um gjafabréfin ?

Þá er það ekki fleira í bili en ekki hika við að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna ?